

Klókir krakkar – fyrir börn á einhverfurófinu og foreldra þeirra

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Ætlað 11-13 ára börnum sem eru með greiningu á einhverfurófinu og foreldrum þeirra.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Hámarksfjöldi á þessu námskeiði er 10 börn og foreldrar þeirra.

Lýsing

Námskeiðið er aðlöguð útgáfa af Klókum krökkum sem hefur verið notað sem meðferð við kvíða barna héraendis og erlendis um árabíl með góðum árangri. Námskeiðið byggist á hugrænni atferlismeðferð. Áhersla er á að foreldrar læri viðeigandi leiðir til að taka á kvíða barnanna og að börn fái leiðir til að hafa áhrif á sinn kvíða.

Í upphafi eru inntökuvíðtöl, þar sem lagðir eru fyrir listar sem meta kvíðaeinkenni. Við lok námskeiðs eru aftur lagðir fyrir listar.

Námskeiðið er vikulega í 9 skipti, 1 ½ tími í senn, frá kl. 14.30 – 16.00. Í framhaldinu eru 3 tímar með lengra millibili. Í upphafi og enda hvers tíma eru foreldrar og börn saman en annars vinna þau í sitthvoru lagi.

Markmið

- að foreldrar læri aðferðir sem gagnast til að draga úr kvíða hjá börnum sínum
- að börnin tileinki sér aðferðir sem gagnast til að hafa áhrif á eigin kvíða

Umsjón

Katrín Einarsdóttir og Thelma Rún van Erven sálfræðingar.